STJÖRNUBÍÓ

Sími 18936

Taxi Driver

Ný, spennandi, heimsfræg verðlaunakvikmynd í litum. Leikstjóri Martin Scorsese. Aðalhlutverk: Robert De Niro, Jodie Foster, Harvey Keitel.
Sýnd kl. 6, 8.10 og 10.10.
Bönnuð börnum.
Hækkað verð.

AUSTURBÆJARBÍÓ

Sími 11384

Enn heiti ég „Nobody"

Íslenzkur texti
Bráðskemmtileg og spennandi alveg ný, ítölsk kvikmynd í litum og Cinema Scope um hinn snjalla „Nobody".
Aðalhlutverk:
Terence Hill,
Miou-Miou,
Klaus Kinsky.
Bönnuð innan 12 ára.
Sýnd kl 5, 7.30 og 10.

NÝJA BÍÓ

Sími 11544

Lögreglusaga
(Flic Story)



Spennandi frönsk sakamálamynd með ensku tali. Gerð af Jacques Deray skv. endurminningum R. Zornicho, er var einn þekktasti lögreglumaður innan Öryggissveitanna frönsku. Aðalhlutverk: Alain Delon, Claudine Auger og Jean-Louis Trintignant.
Íslenzkur texti.
Bönnuð börnum innan 14 ára.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

TÓNABÍÓ

Sími 31182

Lukku Láki
(Lucky Luke)
Ný teiknimynd, með hinum frækna kúreka, Lukku Láka, í aðalhlutverki.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

HÁSKÓLABÍÓ

Sími 22140

Maðurinn bak við morðin
(Man on a swing)
Bandarísk litmynd, sem fjallar um óvenjuleg afbrot og firðstýrðan afbrotamann.
Leikstjóri: Frank Perry.
Aðalhlutverk: Cliff Robertson, Joel Grey.
Bönnuð börnum.
Íslenzkur texti.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

ÚRVALS KJÖTVÖRUR OG ÞJÓNUSTA



Á allt eitthvað gott í matinn

Kjötbúð Suðurvers

STIGAHLÍÐ 45-47. SÍMI 35645

LAUGARÁSBÍÓ

Sími 32075



ANNONCE-KLICHE NR. 4

Olsen-flokkurinn kemst á sporið

Ný bráðskemmtileg dönsk gamanmynd um skúrkana þrjá er ræna járnbrautarvagni fullum af gulli. Mynd þessi var sýnd í Danmörku á sl. ári og fékk frábærar viðtökur.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.
Íslenzkur texti.

BÆJARBÍÓ

Sími 50184

Fórnin

Æsispennandi og afburðavel leikin kvikmynd gerð eftir metsölubók Dennis Whestley.
Aðalhlutverk: Richard Widmark og Christopher Lee.
Íslenzkur texti.
Sýnd kl. 9.
Bönnuð börnum.

HAFNARBÍÓ

Sími 16444

„Afhjúpun"

Hörkuspennandi og djörf, ný ensk litmynd með Udo Kier, Linda Hayden og Fiona Richmond.
Íslenzkur texti.
Bönnuð innan 16 ára.
Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

GAMLA BÍÓ

Sími 11475

Á vampíruveiðum
(Vampire killers).
Leikstjóri og aðalhlutverk: Roman Polanski.
Endursýnd kl. 5, 7 og 9.

Gegn samábyrgð flokkanna
DAGBLAÐIÐ frjálst, óháð
Það lifi!

Gamla bíó — Á vampíruveiðum

Öskugrátt gaman fyrir alla fjölskylduna

GAMLA BÍÓ
Á vampíruveiðum (The fearless vampire killers)
Leikstjóri og aðalhlutverk: Roman Polanski.
Endursýnd.

Myndin **Á vampíruveiðum,** sem Gamla bíó endursýnir um þessar mundir, er ein allra skemmtilegasta hryllingsmynd sem ég hef augum litið — enda standa góðir menn á bak við gerð hennar.

Roman Polanski, sem leikstýrir myndinni og leikur eitt aðalhlutverkið, hefur valið henni skemmtilegt og ævintýralegt umhverfi. Persónur í myndinni eru frábærar, svo ekki sé meira sagt. Aldagamlar blóðsugur, sem eru öskugráar af blóðleysi, stígandi dans við hálfvitlausan prófessor og aðstoðarmann hans á miðnæturdansleik blóðsugna, akfeit vertsfrú, er grunar karl sinn, sem er aneskotanum álfslegri, um græsku, kroppinbakur, sem hleypur uppi úlfa og bítur þá á barkann og óþyrmilega kynvilltur greifasonur sem auk þess er blóðsuga.

Svona mætti lengi telja upp þær furðuskepnur sem koma við sögu. En ekki er vert að vera að því heldur ætti fólk að drífa alla fjölskylduna á myndina. Jafnvel langa- langömmurnar myndu skemmta sér hið bezta. Kannski gætu þær jafnvel séð einhvern í henni sem þær könnuðust við í gamla daga. — Eða er það ekki alltaf þannig fyrir framan sjónvarpið, eins og það er nú ómerkilegt?

Árni Páll.

Kvik myndir




Dagskrárauki í sjónvarpinu í kvöld:

Fylgzt með Alcopley að störfum

Kl. 22.30 verður sýnd í sjónvarpinu 20 mínútna kvikmynd um Bandaríkjamanninn Alcopley, en þessa dagana stendur yfir yfirlitssýning á verkum hans að Kjarvalsstöðum. Alcopley var kvæntur Nínu Tryggvadóttur. Hann er einn fárra manna sem hafa getað helgað sig tveimur ólíkum störfum, það er á sviði myndlistar og vísinda. Í mynd þessari er rætt við Alcopley og fylgzt með honum að störfum.

Þýðandi er Kristmann Eiðsson.

-A.Bj.



Blaðburðarbörn óskast strax í eftirtalin hverfi:

Tjarnarból
Tjarnarbraut
Kópav. austurbær
Traðir

Uppl. í síma 27022

DAGBLAÐIÐ

